Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 25


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fátækranefndarfundur

þ. 9. júní 1910.—

1 Um meðgjöf með [illegible] kar. Elísab. Þórðard. til Þórðar Ólafssonar, Söndum.—

2 Um greiðslu húsaleigu fyrir Valgerði Jónsd.

3 Níelsína Hansd. leitar um hækkun á mánaðarmeðlagi uppí 10 kr. pr. mán.—

4. Brjef lyfsalans, um að kaupa umbúðir um fót Sigríðar Sonadóttur Jóhannssonar.—

5 Erindi ábyrgð á legukostnaði Magn. Kristjánssonar.—

6) Ábyrgð á legukostnaði Guðbj. Maríu Guðmundsdóttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús Kristjánsson Skólavörðustíg 17 A. þyrfti að flytjast á spítalann nokkra daga (1/2-1 viku).

Rvk 27/5 1910

Guðm. Hannesson

Sonur Kristjáns Ólafssonar, sem þegið hefur af sveit '09.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gamla konan Valgerður Jónsdóttir sem leigt hefir hjá mér herbergi, hefir nú verið veik í fulla 2 mánuði og þar af leiðandi ekki getað borgað húsaleigu (sem er 3,50 um mánuðinn) fyrir þann tíma. Þá mælist eg til þess að fátækrastjórnin Reykjavíkur borgi fyrir hana húsaleiguna ef hún ekki fær heilsu til að vinna svo hún geti borgað hana sjálf.

Virðingarfylst

Reykjavík 30. maí. 1910
Bræðraborgarstíg 4.
Ellert Schram.

A. Sch. 5/6 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að jeg ekki get komizt af með þær 10 kr., sem jeg hefi mánaðarlega fengið af fátækrasjóði, en helmingurinn af þeirri upphæð gengur til að borga fyrir mig húsaleigu, svo jeg hefi að eins 5 krónur á mánuði eptir fyrir fæði og aðrar lífsnauðsynjar, en jeg sökum sjónleysis og heilsuleysis get svo sárlítið unnið mjer til lífsbjargar, þá leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer framvegis frá byrjun næsta mánaðar 5 króna viðbót við styrk þann, sem jeg hingaðtil hefi fengið mánaðarlega af fátækrasjóði; því fyrir minna get jeg ekki framdregið líf mitt nægðarlítið.

Hverfisgötu í Reykjavík, 24. maí 1910.

Auðmjúklegast.

Nielsína Hansdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

5 1/2 ... Rich. ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég mér að spyrjast fyrir um hvort hin háttvirta bæjarstjórn muni vera fáanleg til að hjálpa Sigríði Árnadóttur, dóttir Árna heitins Jóhannessonar bókbindara, til þess að útvega sér smíðaðan fót, sem mundi gera hækjur ónauðsynlegar og með því gera hana verkfæra og heilsubetri.

Ef hin háttvirta bæjarstjórn er fáanleg til þessa, er ráðgert að snúa sér til félagsins, sem líknar bækluðum mönnum, í Kaupmannahöfn og sem oftlega áður hefir hjálpað okkur hér heima og útvegað okkur

F. Rek. 52/1910 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ódýra muni.
Að líkindum mun Jólunum kosta 50-100 kr., en um það er ekkert hægt að segja með vissu.

/. Vottorð frá herra landlækni G. Björnssyni fylgir hér með.

Virðingarfyllst.
Michael Lund
Apótekari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Landlæknirinn.**
Pósthólf: 118.
Talsími: 18.

Reikjavík 25. maí 1916.

Sigríður Árnadóttir, Jóhannessonar, 10 ára að aldri, hefir kreptan vinstri fót og visinn. Fóturinn er kreptur bæði í mjaðmar-lið og hnjelið; gengur hún við hækju og getur ekki tilt niður fætinum. Þetta verður ekki fært í lag. En vel mætti útvega henni umbúð um fótinn, svo að hún geti gengið á honum hækjulaust og staflaust. Þess konar umbúð mundi kosta um 50 kr., ef valin væri einfaldasta gerð.

G. Björnsson.

B. Rvk. 521

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur